

Nd.

46. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febrúar 1943.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera.

Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum.

Undanteknir eru þó iðnnemar, sbr. 9. gr. laga nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessu samhljóða fluttu sömu flm. á síðasta þingi, en það náði ekki fram að ganga. Fylgdi þá frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi á 1. gr. orlofslaganna, er gerð til þess að afnema þann órétt, sem hlutarsjómenn hafa orðið að búa við, og tryggja það, að allir sjómenn hefðu ótvíræðan og óskertan rétt til orlofs að öllu leyti á kostnað útgerðarmanna.

Það liggur í augum uppi, hversu ósanngjarnt það er, að sú starfsstéttin, sem viðurkennt er, að vinni eitt erfiðasta og þarfasta verkið, skuli ekki njóta réttar til jafns við aðrar starfsstéttir landsins, að því er snertir skilyrði til hvíldar og hressingar.

Samkvæmt 15. gr. orlofslaganna, eins og þau eru nú, fyrnast kröfur um orlof á hendur atvinnurekendum, ef þær hafa eigi verið viðurkenndar eða lögsókn hafin áður en næsta orlofsár er liðið, frá því kröfurnar stofnuðust. Þrásinnis hefur það komið fyrir, að launþegar hafa tapað óvægjanlegum rétti sínum til orlofs ýmissa orsaka vegna, svo sem erfiðrar aðstöðu í dreifbýli eða á afskekktum stöðum til þess að ná í lögfræðilega aðstoð svo og vegna þess, að ýmsir hafa gengið út frá og talið eins og sjálfsagðan hlut, að fyrning kaupkrafna og orlofskrafna, sem svo mjög eru tengdar hvor annarri í eðli sínu, fylgdust að, enda virðist liggja í hlutarins eðli, að svo eigi að vera.“